

Electro Salts Powder

Lýsing:

Electro Salts Powder frá NAF er fódurbætir á duftformi sem ætlaður er til að bæta upp vökvatap og tap á mikilvægum söltum hjá hrossum. Hross stýra líkamshita sínum með því að svitna. Þegar hross í þjálfun svitna tapa þau bæði vökva og nauðsynlegum söltum (electrolytes), þá sérstaklega natríum, kalsíum, kalíum og magnesíum. Því meiri sem þjálfunin er því líklegra er að þau tapi þessum söltum og nái ekki að bæta þau upp með daglegri fæðu eins og heyi og kraftfóðri. Það getur orsakað þreytu, minnkað frammistöðu og í alvarlegum tilvikum valdið skemmdum á vöðvum, beinum og brjóski. Electro Salts fódurbætirinn inniheldur hátt magn af þeim söltum (electrolytes) sem eru nauðsynleg fyrir hestinn. Electro Salts hentar því einstaklega vel fyrir hross í mjög mikilli þjálfun. Electro Salts er gefið í vel bleyttu fóðri eða því blandað í vatn. Mikilvægt er að hrossin hafi ávallt greiðan aðgang að fersku vatni við gjöf Electro Salts.

Samsetning:

Natríum klóríð, kalíum klóríð, magnesíum karbónat, kalsíum laktat, mónókalsíum fosfat, repjuolía og dextrósi.

Greiningarpættir:

Í hverjum 30 gr:

<u>Innihaldsefni</u>	<u>Magn</u>
Natríum	22,9 %
Kalíum	19,6 %
Klóríð	47,0 %
Magnesíum	1,84 %
Fosfat	0,62 %
Kalsíum	0,8 %

Hráprótein	0,6 %
Hráfita	1,6 %
Hráaska	90,0 %
Hrátrefjar	0,2 %

Notkunarleiðbeiningar:

Gefist hrossum til að bæta upp fyrir tap á söltum eftir erfiðis þjálfun og/eða vinnu, í heitum veðrum og/eða eftir að hestur svitnar mikið.

Fyrir keppni (gefið í 1-3 daga): gefið 40 gr (4 skömmtunarskeiðar) 1x á dag yfir fóður.

Viðhaldsskammtur (gefið að staðaldri): gefið 20 gr (2 skömmtunarskeiðar) 1x á dag yfir fóður.

Hross skulu alltaf hafa greiðan aðgang að fersku vatni.

Geymsla:

Varan geymist í allt að 24 mánuði frá framleiðsludegi. Lokið íláti eftir hverja notkun.

Nettóþyngd: 4 kg